

Samþykktir Samtaka um kvennaathvarf

1.gr.

Félagið heitir Samtök um kvennaathvarf. Heimili samtakanna og varnarþing er í Reykjavík. Samtök um kvennaathvarf eru frjáls félagsamtök og ekki rekin í hagnaðarskyni. Allur ágóði sem kann að vera af starfsemi félagsins skal renna aftur til rekstur samtakanna eða annarra félaga eða stofnana sem samtökin hafa komið á fót.

2.gr.

Tilgangur samtakanna er að aðstoða konur og börn þeirra sem búa við ofbeldi. Markmið samtakanna eru: 1. Að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. 2. Að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi meðal annars til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þau er slíku ofbeldi eru beitt.

3. gr.

Í Kvennaathvarfinu skal vera gístiaðstaða, símaþjónusta og starfsfólk sem veitt getur þeim sem þangað leita umönnun, upplýsingar og stuðning. Trúnaður skal viðhafður um þá einstaklinga sem leita til samtakanna. Félagsmenn, starfsfólk, sjálfboðaliðar, stjórn samtakanna og þau sem dvelja í athvarfinu eru bundin þagnarskyldu. Þagnarskylda skal virt eftir að starfi eða dvöl í athvarfinu lýkur.

4.gr.

Félagar í Samtökum um kvennaathvarf geta þeir einstaklingar orðið sem styðja markmið og tilgang samtakanna og greiða árgjald. Skuldlausir félagsmenn hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundum og á aðalfundi en félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjald hafa málfrelsi og tillögurétt. Þau félagsamtök sem styðja markmið samtakanna geta orðið styrktarfélagar enda greiði þau árgjald. Fulltrúar styrktarfélaga hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum og á aðalfundi. Ákveði félagi að segja sig úr samtökunum skal skriflegt erindi þess efnis berast skrifstofu samtakanna. Úrsögn tekur gildi strax og erindi hefur borist. Ekki er mögulegt að fá árgjald endurgreitt. Verði félagi uppvis að því að brjóta gegn samþykktum þessum í starfi sínu innan samtakanna er stjórn heimilt að vísa viðkomandi úr samtökunum án tafar. Slík frávísun skal berast viðkomandi félaga skriflega. Félagi á rétt á því að leggja brottvísun sína fyrir aðalfund samtakanna.

5.gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert og skal boðað til hans á heimasíðu samtakanna með tveggja vikna fyrirvara hið minnsta. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundurinn er haldinn, dagskrá fundar og heimild félagsfólks til að setja mál á dagskrá fundarins. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað. Samhliða aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf skal halda aðalfund Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins.

Dagskrá aðalfundar er:

- a) Fundur settur, kosning fundarstjóra og ritara
- b) Ársskýrslur kynntar og lagðar fram til umræðu
- c) Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

- d) Fjárhagsáætlanir yfirstandandi árs lagðar fram til umræðu
- e) Breytingar á samþykktum Samtaka um kvennaathvarf
- f) Breytingar á skipulagsskrá Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins
- g) Ákvörðun árgjalda samtakanna
- h) Ákvörðun stjórnarlauna samtakanna og Sjálfseignarstofnunarinnar
- i) Kosning stjórnar og varastjórnar samtakanna og skoðunarmanna reikninga samkvæmt 9. gr
- j) Kosning fulltrúa í stjórn og varastjórn Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins og skoðunarmanna reikninga samkvæmt 6. gr.
- k) Kosning fulltrúa samtakanna í fulltrúaráð Arnrúnar íbúðarfélags hses. skv. 6. gr.
- l) Önnur mál

Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á aðalfundum og skulu færðar í hana allar bókanir, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður aðalfunda.

6.gr.

Á aðalfundi skal kjörin til tveggja ára stjórn Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins. Formaður stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er jafnframt formaður stjórnar stofnunarinnar. Að auki skulu tveir fulltrúar kosnir á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf, til tveggja ára í senn. Varamaður í stjórn stofnunarinnar er kosinn á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf.

Skoðunarmaður reikninga sjálfseignarstofnunarinnar skal valinn til eins árs í senn. Skoðunarmaður reikninga má ekki vera í stjórn eða starfsmaður stofnunarinnar. Aðalfundur hefur heimild til að breyta skipulagsskrá Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins og þarf til þess 2/3 hluta atkvæða fundarmanna. Fara skal með breytingar á skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Á aðalfundi skal fara fram kjör í fulltrúaráð Arnrúnar íbúðarfélags hses. Um fjölda, samsetningu og kjörtímabil fulltrúa skal fara eftir samþykktum Arnrúnar íbúðarfélags hses.

7.gr.

Félagsfundir skulu haldnir þegar þörf krefur eða þegar tveir stjórnarmenn, skoðunarmenn reikninga, eftir atvikum endurskoðandi Samtaka um kvennaathvarf eða að minnsta kosti tuttugu félagsmenn óska þess. Á félagsfundum má fjalla um öll þau mál er samtökin varða. Til félagsfunda skal boða á sama hátt og til aðalfundar nema nægilegt er að boða þá með minnst sjö daga fyrirvara. Félagsfundir eru löglegir ef löglega er til þeirra boðað. Allir félagsmenn sem greitt hafa árgjald eiga rétt á að sækja félagsfundi með málfrelsi, tillögu- og atkvæðarétt. Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjald eiga rétt á að sækja félagsfundi með málfrelsi og tillögurétt.

8.gr.

Reikningsár samtakanna skal vera almanaksárið. Ársreikningur skal vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur og birtur á vefsíðu félagsins. Ársreikningur skal yfirfarinn af skoðunarmönnum reikninga og stjórn að lágmarki tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórn er heimilt að senda reikning félagsins til löggilts endurskoðanda.

9.gr.

Stjórn samtakanna skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Á aðalfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn það ár sem ber oddatölu en þrír það ár sem ber slétta tölu. Ennfremur skulu kosnir til eins árs í senn tveir varamenn til stjórnar, svo og tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.

Formaður boðar stjórnarfundi, undirbýr þá og stýrir þeim. Varaformaður tekur við verkefnum formanns í fjarveru hans. Stjórnarfundir skulu haldnir að lágmarki sex sinnum á ári. Varamenn hafa rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en hafa eingöngu atkvæðarétt í fjarveru aðalmanna. Formaður síðasta stjórnarárs skal alla jafna boða sem fyrst til fyrsta fundar en eigi síðar en fjórum vikum eftir aðalfund. Ef formaður síðasta stjórnarárs hefur vikið úr stjórn skal varaformaður síðasta stjórnarárs boða til fyrsta fundar. Ef varaformaður síðasta stjórnarárs hefur einnig vikið úr stjórn skal sá stjórnarmaður sem hefur lengsta stjórnarsetu að baki boða til fyrsta fundar nýrrar stjórnar. Ef enginn stjórnarmaður frá fyrra kjörtímabili situr í nýrri stjórn hefur framkvæmdastýra það hlutverk að boða fyrsta fund nýrrar stjórnar.

Á fyrsta stjórnarfundi að loknum aðalfundi skal stjórn skipta með sér verkum. Skipa skal formann, varaformann, ritara, gjaldkera og einn meðstjórnanda. Stjórn samtakanna veitir prókúruumboð fyrir hönd samtakanna.

10.gr.

Enginn skal sitja sem aðalmaður í stjórn samtakanna lengur en átta ár samfelldt né sem varamaður lengur en fjögur ár samfelldt. Stjórn starfar skv. starfsreglum og starfsáætlun sem endurskoðaðar skulu árlega.

11.gr.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Hún markar stefnu samtakanna, hefur eftirlit með fjárreiðum og rekstri þeirra. Stjórn skal undirbúa aðalfund og aðra félagsfundi.

12.gr.

Stjórn skal setja sér starfs- og siðareglur. Þar skal nánar kveðið á um hvernig stjórnarstörfum er háttað. Starfs- og siðareglur stjórnar skal endurskoða árlega.

Ef rökstuddur grunur er um brot stjórnarmanns á starfs- og siðareglum félagsins getur stjórn samþykkt tillögu um vantraust á viðkomandi stjórnarmann. Ef stjórn samþykkir tillögu um vantraust skal boða til félagsfundar innan tveggja vikna í samræmi við 7. gr. þessara laga. Félagsfundur tekur afstöðu til tillögu stjórnar. Ef vantrauststillaga stjórnar er staðfest með einföldum meirihluta félagsmanna er viðkomandi stjórnarmanni vikið úr stjórn, en ella heldur hann sæti sínu.

13.gr.

Stjórn samtakanna ræður framkvæmdastýru, ákveður starfskjör hennar og veitir henni prókúruumboð fyrir hönd samtakanna. Framkvæmdastýra ber ábyrgð gagnvart stjórn og framfylgir stefnu og ákvörðunum stjórnar. Framkvæmdastýra annast daglegan rekstur samtakanna og kemur fram fyrir hönd þeirra í öllum málum sem varða daglegan rekstur. Framkvæmdastýra annast reikningshald og önnur mannaforráð. Framkvæmdastýra á alla jafna sæti á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastýru ber að veita stjórn, skoðunarmönnum og/eða endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur samtakanna sem þeir kunna að óska og ber að veita lögum samkvæmt.

14.gr.

Eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund skal stjórn skipa þrjá félagsmenn í tilnefninganefnd sem tryggir framboð til stjórnarkjörs. Stjórn skal setja tilnefninganefnd starfsreglur. Skulu þær endurskoðaðar árlega.

Tillögur tilnefninganefndar með framboðum skulu birtar á heimasíðu samtakanna tveimur vikum fyrir aðalfund. Einstaklingar tilnefndir af uppstillinganefnd með þessum hætti teljast í framboði til stjórnar.

Félagsmenn skulu skila öðrum framboðum eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund. Skulu slík framboð birt á heimasíðu samtakanna.

15.gr.

Stjórn hefur heimild til að setja á fót aðrar nefndir. Ávallt skal setja nefndum erindisbréf þar sem fram kemur hverjir sitja í nefndinni. Einnig hlutverk hennar, skipunartími, hverju nefndin skilar af sér og hvernig starf hennar og hugsanleg verkefni hennar eru fjármögnuð.

16.gr.

Lögum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundi og til þess þarf atkvæði 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar þurfa að berast stjórn fyrir 15. mars. Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja fundarboði.

17.gr.

Komi til slita á samtökunum skal samþykkja það á aðalfundi með atkvæðum 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Eignum samtakanna skal þá varið í samræmi við tilgang og markmið þeirra eða skyld

Samþykkt á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf, 7.apríl 2025